

Jafnréttis- og mannréttindastefna

– stefna gegn mismunun



Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær er jafnréttissinnað og lýðræðislegt bæjarfélag sem leggur áherslu á vellíðan íbúa, sjálfbært samfélag og horfir til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.



Um stefnuna

Í Hafnarfirði býr fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn og þarfir. Tilgangur þessarar stefnu er að öll fái notið mannréttinda og hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Stefnan er leiðbeinandi fyrir svið og stofnanir bæjarins hvað varðar jafnrétti og mannréttindi.

Jafnréttis- og mannréttindastefnan er unnin með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi heimsmarkmið

- Heilsa og vellíðan
- Menntun fyrir alla
- Jafnrétti kynjanna
- Góð atvinna og hagvöxtur
- Nýsköpun og innviðir
- Aukinn jöfnuður



Stefnuáherslurnar eru fjórar

- Jafnrétti og mannréttindi
- Menntun og tómstundir
- Hafnarfjörður sem vinnustaður
- Fjölbreytt samfélag, inngilding og aðgengi

Jafnrétti og mannréttindi

- Öll eiga að hafa jafnt aðgengi og jafnan rétt á þjónustu bæjarins óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund og kynjatjóning.
- Huga þarf sérstaklega að einstaklingum í viðkvæmri stöðu og jaðarsettum hópum. Tryggja skal aðgengi þeirra að þjónustu bæjarins.



Menntun og tómstundir

- Öll börn eiga að hafa jafnt aðgengi að viðeigandi þjónustu hjá mennta- stofnunum bæjarins.
- Öll börn eiga að hafa möguleika á þátttöku til skipulagðs tómstunda-, frístunda- og sumarstarfs við hæfi.
- Fólk af ólíkum uppruna er hvatt til að nýta þjónustu bæjarins, sér í lagi barnafjölskyldur.
- Boðið er upp á fjölbreytt tómstundastarf sem hentar fjölbreyttum hópi eldri borgara bæjarins.



Hafnarfjarðarbær sem vinnustaður

- Laus störf standa öllum jafnt til boða sem uppfylla hæfnisskilyrði.
- Tryggja skal að allt starfsfólk njóti sömu réttinda.
- Launajafnrétti skal tryggt og launasetning sé í samræmi við kröfur jafnlaunavottunar.
- Leitast skal við eftir fremsta megni að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.
- Tryggja skal öryggi og vellíðan á vinnustað. Skal það gert með því að fylgja faglegum vinnubrögðum og viðbragðsáætlun til að tryggja að starfsfólk verði ekki fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða öðru ofbeldi.
- Lögð skal áhersla á að auka fjölbreytileika í atvinnulífi bæjarins, meðal annars með margvíslegum störfum og valkostum fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu.



Fjölbreytt samfélag, inngilding og aðgengi

- Auka fræðslu hjá starfsfólki bæjarins um fjölbreytileika og inngilding.
- Efla færni eldri íbúa til þátttöku í stafrænum heimi.
- Stuðla að inngildingu íbúa með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem og jaðarsettra hópa.
- Upplýsingagjöf á vegum bæjarins, þar á meðal vefsíða, eyðublöð og annað útgefið efni, sé öllum aðgengilegt óháð tungumálakunnáttu, fötlun eða öðrum áskorunum.
- Íbúar bæjarins hafi aðgang að þjónustu sem mæti þörfum þeirra og hvetji til sjálfstæðis.
- Tryggja skal aðgengi fólks með fötlun að opinberum svæðum og stofnunum bæjarins.





Hafnarfjörður

**Jafnréttis- og
mannréttindastefna
Hafnarfjarðar**